



**RÁÐSTEFNA UM
SKJÖL LANDSNEFNDARINNAR FYRRI 1770 – 1771**

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Norræna skjaladeginum**

**Þjóðskjalasafn Íslands
12. nóvember 2016**

Mette Kjuel Nielsen, sendiherra
Asbjørn Hellum, þjóðskjalavörður Dana
Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður
Góðir gestir

„Skrár, bréf og skjöl eru, eins og allir vita, hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllur sögunnar í hverju landi sem er.“ Þetta sagði Jón forseti Sigurðsson í formála Íslensks fornbréfasafns um miðja nítjándu öld. Grunnur var þar lagður að ómetanlegri útgáfu heimilda um sögu Íslands. Enn þann dag í dag gera menn sér grein fyrir mikilvægi skjala, skrásettra sannanna fyrir því sem gerðist. Þannig lýsti Seymour Hersh, einn þekktasti rannsóknarblaðamaður samtímans, því að hann heyrði oft fjölda frásagna um atburði sem hann vildi segja frá en gerði það ekki fyrr en heimildir lægju fyrir, svart á hvítu. „Mánuðum saman leitaði ég að skriflegu skjali því að án þess er ekkert, engin saga,“ sagði hann eitt sinn. Og þegar Hersh hefur ákveðið á löngum ferli að styðjast fyrst og fremst við munnlegar frásagnir eru skrif hans frekar dregin í efa.

Hinar skriflegu heimildir eru nauðsynlegar. Þær segja þó aldrei alla söguna. Skrásetjarar ná aldrei að fanga raunveruleikann allan, ekki frekar en höfundur landakorts getur búið til fullkomna eftirmynd þess umhverfis sem lýsa skal. Agnes Arnórsdóttir sagnfræðingur hefur til dæmis bent á að útgáfa fornbréfasafnsins endurspegladi ljóslega skoðanir Jóns forseta og annarra sem að verkinu komu á því hvað ætti erindi í þeirra samtíð, hvað væri þess virði að geyma á prenti og hvað mætti missa sín. Guðný

Hallgrímsdóttir, starfsfélagi Agnesar, hefur rakið í því samhengi hvernig skjöl kvenna voru yfirleitt talin svo ómerkileg að ekki tæki því að varðveita þau, hvað þá koma þeim á prent. Loks má rifja upp þessi orð Sigurðar Nordals í formála hans að Íslenskri menningu: „Jafnvel annálaritari sem skrifar fáeinar línur eða blaðsíður um atburði líðandi ára og gerir engar athugasemdir um þá frá eigin brjósti er með hverju orði að kveða upp dóma og láta skoðanir sínar í ljós. Hvert sinn sem hann færir eitthvað í letur eða lætur annars ógetið sem honum er jafnkunnugt er hann að skýra frá því hvað honum finnst verðast þess að geymast í minni.“

Höfundar bresku gamanþáttanna „Já, ráðherra“ bentu síðar á þessi sannindi, með sínu gamansama lagi. Þegar menn læsu skjöl yrðu menn að hafa í huga hverju skrásetjari væri að koma á framfæri, og þá kæmu fimm möguleikar til greina:

- 1) Það sem gerðist
- 2) Það sem hann taldi að hefði gerst
- 3) Það sem hann vildi að hefði gerst
- 4) Það sem hann vildi að aðrir teldu að hefði gerst
- 5) Það sem hann vildi að aðrir teldu að hann teldi að hefði gerst

Öllu þessu þurfum við að gera okkur grein fyrir þegar við setjumst niður, til dæmis á þessu ágætu skjalasafni, með skjalabunka fyrir framan okkur, og reynum að átta okkur á liðinni tíð, lýsa henni eins vel og unnt er.

En þrátt fyrir alla fyrirvara, vankanta og vandræði eru skjöl þó forsenda þess að við getum rýnt inn í horfinn heim. Af þeim sökum er útgáfa landsnefndarskjalanna mikið fagnaðarefni. Vissulega höfum við getað kynnt okkur þau hér á safninu, birt hluta þeirra og unnið rannsóknir sem byggjast á þeim. En þá bætist sú sía einmitt við, sjónarmið fræðimannanna sem vinna með skjölin, mat þeirra á því hvaða sögu þau segja, hvað beri að leggja áherslu á, hvað sé í frásögur færandi. Og öll erum við mótuð af eigin samfélagi, jafnvel eigin fordómum, og kannski viljum við skrifa þannig að öðrum falli helst í geð.

Með heimildaútgáfu er brugðist við þessum álitamálum. Lesendur kynnast fortíðinni milliliðalaust, að því marki sem það er hægt með lestri skjala. Landsnefndin fyrri, sem svo er kölluð, ferðaðist um Ísland árin 1770 1771 og safnaði bréfum og skýrslum landsmanna um hvað eina sem fólki lá á hjarta. Nú kemur út annað bindi af þeim sex sem fyrirhuguð eru. Ég þakka Þjóðskjalasafni Íslands sem gefur verkið út í samvinnu við Ríkisskjalasafn Danmerkur og Sögufélag á Íslandi. Einnig ber að nefna að Augustinusfonden í Danmörku, Letterstedtska föreningen og Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands, hafa stutt útgáfuna með myndarlegum styrkjum. Þá vil ég þakka ritstjórunum, Hrefnu Róbertsdóttur og Jóhönnu

Þ. Guðmundsdóttur, fyrir þeirra mikla hlut. Auðvitað hafa margir fleiri lagt gjörva hönd á verkið.

Á þeirri ráðstefnu sem nú er að hefjast mun Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður fyrst kynna landsnefndarverkefnið og það bindi sem nú kemur fyrir sjónir almennings. Þá mun rigsarkivar Asbjörn Hellum opna vefinn landsnefndin.is. Þar verður hægt að lesa skjöl og fræðast um þau. Sá vefur er gott dæmi um þá sjálfsgöðu viðleitni að gera gömul skjöl aðgengileg með nýjustu miðlunarleiðum. Síðan munu ýmsir fyrirlesarar líta á landsnefndarskjölin frá ólíkum sjónarhólum.

Því er óhætt að segja að fróðleg og spennandi ráðstefna sé fram undan. Með þeim orðum set ég ráðstefnuna. Um leið óska ég öllum sem að landsnefndarverkefninu standa til hamingju með frábært framlag til fræða og menningar.